Háskólinn á Hólum og Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR)
Viðauki við stofnanasamning vegna breytinga á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, 12. des. 2019

Viðauki þessi gildir frá 1. september 2020.

## 1. Röðun í launaflokka og launaþrep

Prófessorar raðast í launaflokka akademískrar launatöflu eins og fram kemur í töflu 1A. Stig eru metin samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna.

Tafla 1A

| | Rannsókna-stig | Heildarstig | Lfl. |
|---|---|---|---|
| Prófessor I | <135 | <250 | L08-1 |
| - | 135-269 | 250-374 | L09-1 |
| Prófessor II | 270-334 | 375-499 | L10-1 |
| - | 335-399 | 500-624 | L11-1 |
| Prófessor III | 400-474 | 625-749 | L12-1 |
| - | 475-549 | 750-899 | L13-1 |
| Prófessor IV | 550-649 | 900-1049 | L14-1 |
| - | 650-749 | 1050-1199 | L15-1 |
| Prófessor V | 750-999 | 1200-1599 | L16-1 |
| Prófessor VI | 1000-1499 | 1600-1999 | L17-1 |
| Prófessor VII | 1500> | 2000> | L18-1 |

Röðun í launaþrep 1-8 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 1B. Röðun í launaþrep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Stigatalning samkvæmt töflu 1B kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

Tafla 1B

| Launaþrep | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| <50 | 50 | 100 | 150 | 300 | 450 | 600 | 800 |

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa prófessora á milli launaflokka og launaþrepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokka- og/eða launaþrep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsókna- og/eða kennslustig.

### Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launaþrep

Stofnanasamningur miðast við samræmdar matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift samningsins. Ef endurskoðun á matsreglunum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. töflu 1A og 1B endurskoðaðar af aðilum samningsins.

## 2. Sérstaða prófessora

Í töflu 1B er við það miðað að sérstaða prófessora afmarkist með einu launaþrepi, samanber bókun 2 í kjarasamningi Félags prófessora við ríkisháskóla frá 25. nóvember 2014.

### 3. Yfirvinna/kennsla umfram starfsskyldur

Hámark yfirvinnu á ári er eins og fram kemur í töflu 2. Prófessor er þó heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram yfirvinnuþak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera.

Tafla 2. Yfirvinnuþak

| | Launaflokkar frá 1/9 2020 | Yfirvinna alls | Þar af þjónustu-yfirvinna |
|---|---|---|---|
| Prófessor I, II og III | L08 - L13 | 540 klst/ári | allt að 200 klst/ári |
| Prófessor IV | L14, L15 | 468 klst/ári | allt að 200 klst/ári |
| Prófessor V, VI og VII | L16 - L18 | 420 klst/ári | allt að 200 klst/ári |

Yfirvinnuþakið nær til hámarks fjölda yfirvinnustunda á ári, þar af getur þjónustuyfirvinna numið að hámarki 200 klst. Tímakaup fyrir þjónustuyfirvinnu er 1,0385% af viðkomandi mánaðarlaunum. Tímakaup fyrir aðra yfirvinnu, svo sem kennslu umfram starfsskyldur, er fastur taxti 0,615% af launaflokki 16-1, þó ekki lægri upphæð en 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi.

Reykjavík 12. desember 2019

Erla Björk Örnólfsdóttir
f.h. Háskólans á Hólum

Rúnar Vilhjálmsson
f.h. Félags prófessora við ríkisháskóla